



Mælt er nú til þess að fólk beri grímur í framhaldsskólum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur í Verslunarskólanum fengu afhentar grímur í gær. Tilkynnt var um 30 ný tilfelli kórónaveirusmits hér á landi. Samkvæmt tölum almannavarna voru 242 manns í einangrun í gær, þar af 215 á höfuðborgarsvæðinu. Í sóttkvi voru samtals 2.012. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telur að rífa þurfi skólahúsið

Móðir stúlku í Fossvogsskóla segir dóttur sína finna fyrir einkennum myglu í skólanum. Ráðist hefur verið í miklar framkvæmdir en borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur að rífa þurfi skólabýgginguna.

REYKJAVÍK. „Eftir að skólinn byrjaði aftur hefur dóttir mín fengið rosa-leg höfuðverkjaköst. Síðasta miðvikudag leið yfir hana. Ég veit að það eru fleiri börn sem hafa fundið fyrir einkennum, til dæmis óútskýrð útbrot og fleira,“ segir Jónína Sigurðardóttir, móðir barns í Fossvogsskóla.

Framkvæmdir fóru fram í sumar við húsnæði skólans sem áttu að tryggja að loftgæði þar væru heilnæm. Hluta skólans var lokað tímabundið í fyrra vegna myglu og ráðist var í framkvæmdir upp á tæpan hálfan milljarð króna. Eftir að framkvæmdunum lauk stigu for-

eldrar barna fram sem fundu áfram fyrir einkennum.

Framkvæmdum lauk í byrjun ágúst og barst lokaúttekt frá verkfræðistofunni Verkís 17. ágúst. Er nú beðið eftir lokaúttektarskýrslu.

Þrátt fyrir þessar framkvæmdir segir Jónína að dóttir hennar finni fyrir einkennum í húsnæðinu.

„Það er búið að útiloka allt annað en húsnæðið. Hún er búin að fara til tannréttingasérfræðings, augnlæknis, sálfræðings, sjúkrahjálfa og fara í taugapróf. Einkennin hverfa alltaf þegar hún er ekki í skólanum,“ segir Jónína. „Það snýst ekki um námið eða álag, það hefur

Í Kópavogi var Kársnesskóli rifinn vegna myglu og rakaskemmda. Ég tel að það þurfi að gera hið sama í tilfelli Fossvogsskóla.

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



aldrei verið jafn mikið álag á henni og í samkomubanninu, þá voru engin einkenni. Ég vildi óska þess að þetta væri eitthvað annað en húsnæðið.“

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að rífa þurfi húsnæðið og byggja nýtt. „Ég get ekki metið það öðruvísi en að þetta húsnæði sé ónýtt og þurfi að rífa. Ég held að við náum aldrei öðruvísi að koma í veg fyrir þetta,“ segir Valgerður. „Í Kópavogi var Kársnesskóli rifinn vegna myglu og rakaskemmda. Ég tel að það þurfi að gera hið sama í tilfelli Fossvogsskóla.“ – ab / sjá síðu 6

Bak við luktur dyr er farmiði til Englands

FÓTBOLTI Kvinnalandsliðið í knattspyrnu mætir Svíum í undankeppni EM í Laugardal. Efsta liðið í riðlinum fer beint í lokakeppnina en þrjú lið með bestan árangur í öðru sæti fá einnig farseðil. Önnur sex lið fara í umspil um þrjú laus sæti á EM.

„Sviar eru með líkamlega sterkt lið en við teljum okkur vera það líka og við munum mæta þeim af fullum krafti í baráttunni,“ segir Jón Þór Hauksson, þjálfari landsliðsins, sem kveður íslensku stelpurnar munu mæta þeim sænsku af fullum þunga.

„Vonandi heldur sá góði taktur sem hefur verið í liðinu áfram í þessum leik. Það er afar mikilvægt að ná hagstæðum úrslitum,“ segir þjálfarinn. – hó / sjá síðu 12



Komdu í reynsluakstur

#NúGeturPú


Hann er kominn!

Nýr 100% rafmagnaður Volkswagen ID.3

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Veður



Suðvestlæg eða breytileg átt, lægir víða, og gengur í norðaustan 10-18 og úrkomumeira norðvestan til seinnipartinn. Hiti 1 til 8 stig að deginum, hlýjast syðst.

SJÁ SÍÐU 16

Ná votlendi til baka og stöðva losun 660 tonna

UMHVERFISMÁL Um 33 hektara svæði votlendis hefur verið endurheimt á jörðinni Gottorp við Hópið í Húnaþingi vestra. Með því var stöðvuð losun 660 tonna af gróðurhúsalofttegundum á ári.

Endurheimt stendur til á þremur jörðum á Vestfjörðum, Kirkjubóli þar sem undir eru 26 hektarar og á Horni og Skógum í Mosdal þar sem undir eru rúmlega 30 hektarar til endurheimtar. Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs, segir besta tímann til endurheimtar á votlendi vera að vori eða hausti.

„Við hefðum viljað fara í endurheimt í vor en það var snjór í skurðum alveg þangað til varptíminn tók við svo við gátum ekki komist í þau verkefni. Nú reynum við að flýta okkur áður en það fer að snjóa aftur á Vestfjörðum,“ segir Einar.



Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs

Í fyrra endurheimti Votlendissjóður samtals 72 hektara af votlendi á fjórum jörðum. Það jafngildir stöðvun á losun 1.440 tonna af gróðurhúsalofttegundum á ári.

Votlendissjóður hefur að markmiði að fá fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að fjármagna endurheimt hluta þess votlendis sem þegar hefur verið raskað.

„Fyrirtæki kolefnisjafna sig af fúsum og frjálsum vilja og það er alveg ótrúlegt hvað það er enn þá ofarlega á dagskrá hjá fyrirtækjum þrátt fyrir að árið hafi verið eitt stórt óvissuástand,“ segir Einar. Allir þurfi að minnka notkun. „Og kolefnisjafni svo það sem eftir situr, annað hvort með endurheimt votlendis eða skógrækt. Þannig taka menn fulla ábyrgð á sínu kolefnisspori.“ – bdj

Blásið á vindinn



Veðrið á höfuðborgarsvæðinu í gær var ekkert til að hrópa húrta fyrir. Það kom því spáskt fyrir sjónir að sjá unga gutta bjóða haustvindinum birginn í Tivolíinu sem við Fifuna. Þeir góluðu af gleði og virtist sama hvort stríðir vindar blésu með hagléli og skúrum eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HSBC-bankinn í London. MYND/GETTY

Aðstoðuðu við glæpastarfsemi

PENINGAR Gengi hlutabréfa í stærsta banka Evrópu, HSBC, hefur ekki verið lægra síðan 1995 eftir að fjölmiðlar um allan heim fóru að birta svarta skýrslu sem sýnir að bankinn ásamt öðrum stórum bönkum hafi stundað umfangsmikið peningaþvætti fyrir glæpastarfsemi.

Talað er um tvo trilljarða dollara og að brotin hafi átt sér stað síðan um aldamótin. Skjölin eru kölluð FinCEN skjölin og eyddu fjölmiðlar frá 88 löndum um sextán mánuðum í að undirbúa fréttina. – bb

Þjófaköttur í Kópavogi stelar sundgleraugum

Kötturinn Leó hefur verið að bera inn alls kyns leikföng og sundgleraugu úr nálægum húsum til eigandans, bæjarfulltrúans Theodóru S. Þorsteinsdóttur í Kópavogi. Theodóra vill koma ránsfeng þjófakattarins aftur til eigendanna.

KÓPAVOGUR „Hann Leó hefur alveg ofboðslega mikið fyrir hverjum og einum þjófnadi því hann þarf að bakka inn um gluggann og draga þetta dót inn á heimilið,“ segir Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, en kötturinn hennar hefur stundað að koma óumbeðinn með sundgleraugu og leikföng sem lítil börn nota í heitum pottum.

Það sem er merkilegt við þjófnad Leós er að Theodóra og eiginmaður hennar eru með heitan pott hjá sér og þar er fullt af leikföngum fyrir barnabörnin þeirra. En Leó vill ekki sjá þau heldur vill hann annað. Og ekki eru sundgleraugu úr Salauginni enda er hún töluverðan spotta frá heimili Theodóru.

„Ég er með GPS á honum og sé hvert hann fer en ekki hvað hann er að gera. Mér finnst eins og þetta sé úr sama leikfangasettinu þó að hann komi alltaf bara inn með eitt í einu. Við erum með leikföng sem hann ætti alveg að geta leikið sér með – sem barnabörnin eiga. En hann hefur bara engan áhuga á því og dregur björg í bú,“ segir Theodóra og getur ekki annað en hlegið.

Theodóra brá á það ráð að auglýsa athæfi kattarins á fésbókar-síðu hverfisins þar sem hún lýsti raunum sínum og lofaði að koma gleraugunum og leikföngunum til eigenda sinna. Þegar Fréttablaðið náði í skottið á henni hafði enginn enn gefið sig fram.

„Þetta eru ein blá sundgleraugu og tvenn bleik og mér finnst þau nýleg. Þannig að ég held að einhver sakni þeirra.“

Theodóra viðurkennir að þrátt fyrir allt sé Leó stórskemmtilegur



Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir er í sóttkví og þó að það sé ekkert sérlega skemmtilegt hafa uppátæki Leós aðeins létt lundina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hér sést úrval þýfis kattarins Leós.

köttur og frábær karakter, þó að hún sé ekki ánægð með þessa iðju hans að stela af börnum.

„Leó er alveg magnaður. Hann leikur sér með dót og hefur gaman af því að elta bolta og hlaupa um húsið með alls konar uppi í sér. Hann ólst upp með hundum, þó að það sé aðeins einn eftir núna, en hann hefur alltaf leikið sér með hundum,“ segir Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir. benediktboas@frettabladid.is

OPÍÐ KL. 12 – 20 ALLA DAGA

BÓKA MARKAÐUR í Hörpu



islenska




TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

NÝR TOYOTA PROACE CITY



Toyota Proace City er harðjagl með góða dráttargetu og mikið burðarþol. Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru aldrei vandamál. Rúmgóðu flutningsrýminu er auðvelt að breyta í farþega-
rými og rúmar bíllinn þá allt að 7 manns. Proace City er fáanlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrir-
tækjum og stærri fjölskyldum. Komdu og skoðuðu. Sjá nánar á toyota.is

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Oddviti Sjálfstæðisflokks reiknar með tveggja flokka meirihluta

AUSTURLAND Formlegar meirihlutaþreifingar voru ekki hafnar í gær er Fréttablaðið ræddi við Gauta Jóhannesson, oddvita Sjálfstæðismanna í nýstofnuðu sveitarfélagi á Austurlandi. Flokkurinn hlaut fjóra fulltrúa af ellefu.

„Við erum í lykilstöðu og reynum því að vanda okkur,“ segir Gauti,

sem er nú sveitarstjóri á Djúpvaggi.

Sjálfstæðismenn hlutu rúmlega 29 prósent atkvæða í kosningunum á laugardag. Austurlistinn hlaut 27 prósent og þrjá fulltrúa, Framsóknarmenn 19 prósent og tvo, VG þrettán prósent og einn og Miðflokkur ellefu prósent og einn fulltrúa. VG vantaði 27 atkvæði til



Við erum í lykilstöðu og reynum því að vanda okkur.

Gauti Jóhannesson, oddviti Sjálfstæðismanna

að ná inn öðrum fulltrúa á kostnað Sjálfstæðismanna.

Framsóknarmenn og Austurlista-fólk hafa sagst tilbúið í samstarf við Sjálfstæðisflokk. Býst Gauti við tveggja flokka meirihluta.

Fyrir kosningarnar höfðu oddvitar bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lýst sig fylgjandi

heitinu Múlþing, sem varð ofan á í sérstakri kosningu samfara forsetakosningum í sumar. Þessir tveir flokkar hafa meirihluta fulltrúa og verður nafngiftin því vísast staðfest.

Enn á eftir að hanna merki sveitarfélagsins. „Það eru ábyggilega einhverjir komnir með hugmyndir í kollinn,“ segir Gauti – khg



Núverandi húsnæði bankans er orðið 35 ára og þarf að uppfæra.

Seðlabankinn flytur starfsemi yfir götuna

STJÓRNSÝSLA Seðlabankinn hefur tekið á leigu húsnæði á Hafnar-torgi, hinum megin við götuna við núverandi húsnæði, á meðan framkvæmdir standa yfir.

Seðlabankinn sameinaðist Fjármálaeftirlitinu um síðustu áramót, starfa þar nú um 300 starfsmenn. Í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að starfsemin hafi að mestu verið sameinuð í húsnæði Seðlabankans við Kalkofnsveg 1, meðal annars með því að brjóta niður skrifstofuveggi og setja starfsmenn í opin vinnurými. Er nú unnið að því að framleigja húsnæði Fjármálaeftirlitsins við Katrinartún þar sem engin þörf er fyrir það lengur.

300

manns starfa nú hjá Seðlabanka Íslands.

Hugmyndir voru uppi um að bæta við hæðum ofan á bankann, fallið hefur verið frá þeim hugmyndum. Eru nú hafnar framkvæmdir þar sem ein hæð í einu í húsnæði bankans er tekin fyrir, þá verður húsnæðið uppfært í samræmi við nýjustu kröfur.

Meðan á framkvæmdir standa leigir Seðlabankinn helming fimmtu hæðar á Kalkofnsvegi 2, Hafnartorgi. Verður þannig hægt að samnýta mótuneyti og aðra aðstöðu í bankanum. Þegar framkvæmdum er lokið mun Seðlabankahúsið rúma alla starfsmenn bankans. – ab

Varði langri fangelsisvist að falsa og dreifa nektarmyndum

Verði nýtt frumvarp um kynferðislega friðhelgi að veruleika geta þeir sem á henni brjóta átt von á allt að fjögurra ára fangelsisvist. Lögfræðingur sem kom að gerð frumvarpsins segir algengt að bikinimyndum af Instagram sé breytt með Photoshop-forritinu til þess að láta þær líta út fyrir að vera nektarmyndir.

LÖGREGLUMÁL Samkvæmt nýju frumvarpi Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra getur sá sem dreifir nektarmyndum eða myndböndum af öðrum í leyfisleysi átt yfir höfði sér fjögurra ára fangelsi sé það gert af ásetningi en tveggja ára ef það er af gáleysi.


Samkvæmt Mariu Rún Bjarnadóttur lögfræðingi sem kom að gerð frumvarpsins er því ætlað að styrkja lagalegan rétt þeirra sem verða fyrir að brotum á kynferðislegri friðhelgi. Til þessa hafi sum mál fallið undir núverandi löggjöf um blygðunarsemi, önnur undir kynferðislega áreitni en of mörg hafi fallið milli skips og bryggju.

Miðað við frumvarpið er ekki aðeins sá sem upphaflega dreifði mynd eða efni ábyrgur heldur einnig aðrir sem kunna að dreifa því áfram. Getu því margir óskyldir aðilar verið brotlegir gagnvart sömu manneskju. Ásetningurinn skiptir líka miklu máli, það er hvort viðkomandi dreifi efni visvitandi til ákveðinna aðila til að valda skaða.

„Ég man eftir máli þar sem verið var að senda myndir á vinnuveitanda, foreldra og fleiri nákomna til þess að valda sem mestu tjóni,“ segir María. „Það mál fékk ekki mikinn framgang í réttarkerfinu en þetta frumvarp myndi breyta því.“

Undir gáleysi getur fallið að sá sem send er nektar- eða kynlífsmynd áframsendi án þess að athuga hvort samþykki þeirra sem hún sýni liggja fyrir.

Annað sem hin nýja löggjöf mun taka á er hótun um dreifingu. En algengt er að þeir sem komist á einhvern hátt yfir nektarmyndir eða myndbönd kúgi viðkomandi með því að hóta að senda hana áfram. Fari þá fram á að þolandinn sendi



Algengt er að gerendur noti nektarmyndir eða myndbönd til þess að kúga fólk til að lúta vilja sínum. MYND/GETTY



Þess vegna skiptir máli að lögreglan sé með skýrar refsheimildir þegar hún leitar til þessara fyrirtækja.

María Rún Bjarnadóttir, lögfræðingur



fleiri myndir, borgi peninga, geri sér kynlífsgreiða eða eitthvað annað sem hann myndi annars ekki gera.

„Stundum eru hótanirnar notaðar eingöngu til að brjóta fólk niður,“ segir María. „Hin stafræna bylting hefur fært okkur margt gott en hún hefur einnig fært fólk tækifæri til að valda mun meiri skaða en áður.“

Einnig er tekið á fólsumum, sem minna hefur verið rétt um en er vaxandi vandamál. María segir að samhengið skipti öllu máli og að undir þetta heyrir ekki samsettar myndir sem augljóslega séu grín. En nokkrar stúlkur hafi leitað til hennar vegna falsana.

„Þær hafa sett bikinimynd á

Instagram en einhver þarna úti afritað hana, notað Photoshop til að fjarlægja bikiníið, sett myndina í dreifingu og skrifað við hana að þær séu að selja kynlíf,“ segir hún.

Algengt er að nektarmyndum sé dreift af Íslendingum undir dulnefnum á erlendum vefsíðum. María segir að sönnunarbyrðin geti áfram verið erfið og gagnaöflun flókin. En miðlar, sérstaklega þeir stóru, hafi tekið sér tak og orðið mjög samstarfsfúsir við lögreglu-yfirvöld í viðkomandi landi. „Þess vegna skiptir máli að lögreglan sé með skýrar refsheimildir þegar hún leitar til þessara fyrirtækja.“ kristinnhaukur@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.
9.359.403 KR. M/VSK.

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFHENDINGAR STRAX

BJÓÐUM UPP Á
35" - 40" BREYTINGARPAKKA
FRÁ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



Sautján ára dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir að stinga jafnaldra sinn með hnífi

DÓMSMÁL Sautján ára drengur var í gær dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa stungið jafnaldra sinn í öxl og kvið á göngustíg í Breiðholti í apríl.

Fram kom í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur að rót átakanna hefði verið langvarandi úlfúð milli tveggja hverfahópa. Átökin hafi „farið algjörlega úr böndunum umræddan dag“ eins og segir í dómnum. Sannað þótti að sá sem

varð fyrir atlögunni og fékk við það lífshættulegan áverka á lifur hefði verið með hamar í hendi í átökunum. Dómurinn sagði piltinn með hnifinn þó ekki geta borð við neyðarvörn því hnifurinn væri mun hættulegra vopn en hamar.

„Stunga í kvið með hnífi er ávallt lífsógnandi. Ákærði var hins vegar ungur að árum og að verjast árs brotaþola í hópi ungra drengja. Verður því að telja varhugavert að



Hnífi var beitt í átökum sem áttu sér rót í erjum hverfahópa.

slá því föstu að ákærða hafi verið ljóst á verknaðarstundu að langlíklegast væri að brotaþoli myndi hljóta bana af stungunni,” segir í dómnum og var drengurinn því ekki sakfelldur fyrir manndrápstíraun heldur hættulega líkamsrárás.

„Þá er til þess að líta að ákærði og brotaþoli ræddu saman í þinghaldi undir aðalmeðferð málsins, að viðstöddum aðstandendum sínum og dómara í málinu, og ákváðu að

slíðra sverðin þannig að ekki kæmi til frekari átaka milli þeirra eða þessara drengjahópa. Með hliðsjón af öllu þessu er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði, sem fært þykir að skilorðsbinda,” segir í dómnum. Kveðið var á um að sá dæmði greiði fórnarlambinu 900 þúsund krónur í miskabætur, lögmanni sínum 2,8 milljónir króna og réttargæslumanni þess sem stunginn var 958 þúsund krónur. – gar



Alexander Kristjánsson hjá RVK Hair. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Saman í gegn um veturinn

COVID-19 „Það hefur verið mjög mikið að gera á hárgreiðslustofunni minni og ég heyri það sama frá kollegum mínum,” segir Alexander Kristjánsson hjá RVK Hair.

„Það koma alveg jafnmargir í klippingu og áður. Eina breytingin er sú að við þurfum að huga vel að sóttvörnum, setja upp grímur í vinnunni og spritta okkur,” segir Alexander. Ástandið sé skringilegt.

Þessi vetur verður strembinn fyrir marga en við komumst í gegnum hann saman.

Alexander Kristjánsson

„Á meðan sumir geirar finna ekki fyrir neinum samdrætti að ráði þá eru aðrir geirar rjúkandi rúst. Mér finnst að í slíkum aðstæðum verði samfélagið að standa saman og þeim sem eiga þess kost að geta lagt eitthvað af mörkum eigi að gefa til baka. Við eigum að láta gott af okkur leiða og það þarf ekki að vera stórt,” segir Alexander.

Sjálfur ætli að hann að gefa heilli fjölskyldu ókeypis klippingu í hverjum mánuði og vill endilega að fólk hafi samband við sig. Hann leggur áherslu á að engin nöfn verði birt né gjöfin auglýst frekar. „Mig langar til að skora á aðra sem eru aflögufærir að gera slíkt hið sama. Þessi vetur verður strembinn fyrir marga en við komumst í gegnum hann saman.“ – bp

Vill reisa nýjan Fossvogsskóla

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur að rífa þurfi húsnæði Fossvogsskóla og byggja nýtt. Foreldri nemanda sem finnur fyrir einkennum myglu segir það leggjast þungt á sálina að senda barnið í skólann.

REYKJAVÍK „Í Kópavogi var Kársnes-skóli rifinn vegna myglu og raka-skemmda. Ég tel að það þurfi að gera hið sama í tilfelli Fossvogsskóla,” segir Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um húsnæði Fossvogsskóla. Umfangsmiklar framkvæmdir hafa verið í skólanum síðasta ár, nú síðast í sumar, til að uppræta myglu.

Nú er beðið eftir lokaúttektarskýrslu verkfræðistofunnar Verkis vegna framkvæmdanna í sumar.

Valgerður sendi inn fyrirspurn til skóla- og fristundaráðs um hvort mygla sem fannst við skoðun á húsnæði skólans í sumar hefði verið send til greiningar. „Það finnst alls staðar mygla. Ef það kemur fram í skýrslunni þá er það eins og við var að búast. Ég vil fá að vita hvernig mygla fannst, það er það sem skiptir máli,” segir Valgerður. „Ef þau sýni sem voru tekin voru ekki send til greiningar til Náttúrufræðistofnunar Íslands, líkt og gert var fyrst þegar myglan fannst, þá finnst mér það verulega ámælisvert.“

Dóttir Jónína Sigurðardóttir er nemandi við skólann. Jónína segir að dóttir hennar hafi fundið fyrir miklum einkennum myglu nú í haust. Hún finni fyrir einkennum víða, til dæmis í verslunum. „Ég hef miklar áhyggjur af heilsu hennar til framtíðar,” segir Jónína.

„Þetta tekur rosalega á mann sem foreldri, mér ber lagaleg skylda til að senda hana í umhverfi sem er heilsuspillandi fyrir hana. Það leggst mjög þungt á sálina.“

Jónína segir að illa hafi gengið að fá svör frá skólanum. „Það vill enginn svara hvað var gert eða neitt í þá veruna.“

Valgerður segir það vekja furðu að niðurstöðurnar hafi ekki legið fyrir þegar skólastarfið hófst í ágúst. „Eftir því sem ég hef heyrt þá komu niðurstöður úr rannsóknum



Borgarfulltrúinn Valgerður Sigurðardóttir segir ekki stætt að bjóða börnum upp á húsnæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég hef miklar áhyggjur af heilsu hennar til framtíðar

Jónína Sigurðardóttir, móðir nemanda í Fossvogsskóla

um miðjan júní. Ég kallaði eftir þeim um miðjan ágúst og hef ekki fengið þær ennþá,” segir Valgerður.

„Tveimur dögum eftir að börnin byrjuðu í skólanum var aftur farið á stúfana og aftur farið að leita. Þá fannst mygla inni á salerni þrátt fyrir allar þær endurbætur sem var búið að ráðast í.“ Telur hún nýtt húsnæði vera lausnina. „Ég hef heyrt það frá verkfræðingum að það hafi verið meiriháttar vandi með hús á þessu svæði sem eru með kjallara. Skólinn var ekki byggður

samkvæmt þeim stöðlum sem við notum í dag.“

Borgaryfirvöld hafa til þessa verið öll að vilja gerð til að leysa málið í samráði við foreldra. Því var ráðist í endurbæturnar voruð 2019 og svo aftur í sumar. Valgerður segir að ekki sé hægt að skauta fram hjá því að börn verði veik í húsnæðinu. „Þetta eru frísk börn þegar þau eru ekki í skólanum. Miðað við allt sem á undan er gengið þá ættu öll viðvörunarljósi að blikka.“ arib@frettabladid.is

Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma

515 5500 eða sendu póst á

lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN

og þér líður betur

LYFSALINN VESTURLANDSVEGI

OPIÐ 10:00-22:00 alla daga

Sími 516 5500
vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

LYFSALINN GLÆSIBÆ

OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.

Álfheimum 74 104 Reykjavík


Sími 517 5500

lyfsalinn@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

BORÐSTOFU DAGAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM



ÞAÐ ER FÁTT SEM SAMEINAR FJÖLSKYLDUNA
BETUR EN GÓÐ SAMVERUSTUND Á HEIMILINU.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Afmælistilboð



SIEMENS

Uppvottavél, iQ300

14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C (klukkustund). Þrjú sérkerfi, meðal annars tímastytting og kraftþvottur á neðri grind. Hljóð: 44 dB. Hnífaparaskúffa. „aquaStop“-flæðivörn.

Afmælisverð:

SN 436W01NS

99.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

SIEMENS

Þvottavél, iQ500

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur. Eitt kerfið heitir sensoFresh og virkar eins og þurrhrensun. Notar hvorki vatn né sápu. Fjarlægir lykt úr viðkvæmum fatnaði. Mjög stutt kerfi (15 mín.).

Afmælisverð:

WM 14T7P9DN

134.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.

Afmælistilboð gilda út september 2020 eða á meðan birgðir endast.

100

ÁRA 1920 - 2020



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Ísafjarðarbær mun greiða 420 þúsund krónur á mánuði í þrjú ár. MYND/PJETUR

Ósætti vegna líkamsræktar

Deilt um líkamsræktarstöð á Ísafirði eftir að bæjarstjórn samdi við nýjan aðila. Vantar að skýra hvers vegna hætt var við útboð að sögn forsvarsmanns.

VESTFIRDÍR Forsvarsmenn Þrúðheima, sem rekið hafa líkamsræktarstöð á Ísafirði í tvö og hálf ár, eru nú að skoða réttarstöðu sína vegna málsmeðferðar sem leiddi til þess að bærinn mun styrkja annan rekstraraðila, Ísófit.

Í vor kallaði bæjarstjórn eftir lausnum til að halda uppi líkamsrækt í bænum og bæðir aðilarnir skiluðu inn umsóknum. Rekstrargrundvöllur hefur ekki verið til staðar án aðkomu bæjarins og uppbyggingar er þörf hvað varðar húsnæði. Í júní var kallað eftir skammtímalausn og í júlí gerði bærinn tveggja mánaða samning við Þrúðheima sem fengu þau skilaboð frá sviðsstjóra skóla og tómstundasviðs að það ætti að fara í útboð um haustið.

Um miðjan ágúst var hins vegar samningur við Ísófit kominn á borðið sem var síðan samþykktur með lækkaðri fjárhæð í bæjarstjórn í síðustu viku. Fyrir þá upphæðin undir útboðsmörkin en Ísafjarðarbær mun greiða 420 þúsund krónur á mánuði með stöðinni næstu þrjú árin. Bæjarfulltrúar minnihluta Í-lista kusu hins vegar gegn samningnum og töluðu um „stjórnsýsluklúður“.

„Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Okkur var ekki tilkynnt um að fallið hefði verið frá því að halda útboð og augljóslega eitthvert samtal í gangi sem við vissum ekki af,“ segir Baldvina Karen Gísladóttir sem rekur Þrúðheima ásamt eiginmanni sínum.

„Við höfum ekkert við Ísófit að sakast en málsmeðferð bæjarins hefur verið mjög ábótavant,“ segir Baldvina. „Okkur hefur verið haldið í myrkrinu og við höfum ekki fengið tækifæri til þess að koma aftur að borðinu.“ Aðspurð um samskipti við bæinn undanfarn tvö og hálf

Okkur var ekki tilkynnt um að fallið hefði verið frá því að halda útboð og augljóslega eitthvert samtal í gangi sem við vissum ekki af.

Baldvina Karen Gísladóttir, rekstraraðili líkamsræktarstöðvar

ár segir hún þau frekar lítil og án nokkurra átaka.

Eftir samtal við lögmann kölluðu Baldvina og maður hennar eftir gögnum frá bænum þann 20. ágúst en hafa ekki fengið nein svör. Heldur ekki við því hvenær ætlast sé til að þau loki stöðinni. „Lögmaður okkar er að vinna í erindi til bæjarins og við munum halda áfram að fylgja þessu áfram til að athuga hver réttur okkar er,“ segir hún.

Málið hefur valdið nokkrum titringi í bæjarpólitíkinni og aðsendar greinar hafa verið skrifaðar í hinn vestfirski vefmiðil Bæjarins besta. Ekki náðist í Daniel Jakobsen, formann bæjarráðs, en hann skrifaði grein um málið fyrr í mánuðinum.

„Vissulegar eru hlutir sem hefðu betur mátt fara í þessu ferli. Sérstaklega hefði það mátt taka skemtri tíma og skilgreina hefði mátt betur þær hugmyndir sem við höfðum en þær þróuðust eftir sem tímanum vatt fram og málið var rætt í bæjarráði í fullri sátt að því er virtist,“ segir Daníel í greininni. Enn fremur: „Farið var í nýtt ferli þar sem að þeim og öðrum var boðið að kynna sínar hugmyndir. Niðurstaðan úr því ferli liggur nú fyrir. Aðrir aðilar voru metnir með bestu hugmyndina og þá er lagt til að samið verði við þá.“ kristinnhaukur@frettabladid.is



Heimsmarkmiðin í Kópavogi

Í tilefni af útgáfu skýrslu OECD um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi er boðað til opins fjárfundar sem streymt verður miðvikudaginn 23. sept. kl. 14:00.

Óskað er eftir því að áhugasamir skrái þátttöku á kopavogur.is og verður þeim send slóð fundarins. Frekari upplýsingar má finna á kopavogur.is.

Dagskrá fundarins:

- Ávarp bæjarstjóra
- Kynning OECD
Aziza Akhmouch, Head of the Cities, Urban Policies and Sustainable Development Division in the CFE at the OECD.
- Kynning á verkefni Markaðsstofu Kópavogs um innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá fyrirtækjum í Kópavogi og undirritun viljayfirlýsinga fyrirtækja um þátttöku
Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs.



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Markaðsstofa
Kópavogs



Kópavogsbær

Rusl flæðir í Beringsund

NORÐURSLÓDÍR Bandaríkjamenn kvarta undan sóðaskap Rússa við Beringsund og að plastrusl fljóti í stórum stíl yfir til Alaska.

Rússar taka við leiðtogasætinu í Norðurskautsráðinu á næsta ári. Umhverfismál hafa verið í brennidepli. Meðal annars hafa Rússar heitið því að fjarlægja grottnandi kjarnorkukafbáta Sovéttímans af botni Norður-Íshafsins.

„Það er rusl alls staðar,“ segir Austin Ahmasuk, lögmaður frumbyggjasamtakanna Kawerak við The Washington Post. Samtökin starfa í borginni Nome á vesturströnd Alaska. Samtökin hafi unnið að strandhrensun í áratugi en mikil

Það er rusl alls staðar.

Austin Ahmasuk, lögmaður frumbyggjasamtaka

aukning hafi orðið á rússnesku rusli í sumar. Ekki er aðeins um plast að ræða heldur einnig oliutunnur, málmbrúsa og hreinlætisvöruumbúðir af ýmsum toga.

Peter Murphy, hjá Hafrannsóknastofnun Bandaríkjanna, segir ekki útilokað að þetta magn rusls tengist hernaði. Í ágúst héldu Rússar eina stærstu flotaæfingu síðan í kalda stríðinu, á Beringsundi. – khg

SÍÐASTI SÉNS

Tilboðin framlengd út miðvikudag
Valdar vörur á enn meiri afslætti



30%
afsláttur



Af öllum Now vítamínunum

30%
~~25%~~
afsláttur



Key Natura sérhæfir sig í framleiðslu á Astaxanthin, sem er eitt öflugasta andoxunarefnið

Tilboð gilda út 23. september.

Tilboð
699 kr/stk
verð áður
1.199 kr



Now freyðitöflur fyrir skjóta endurheimt vöðva og vökvu sem hafa tapast eftir erfiðar æfingar og átök

Tilboð
199 kr/pk
verð áður
299 kr



Eat Real Chips
Hummus- og linsubaunir

30%
~~20%~~
afsláttur



Af sírópi, sultum og smyrju frá Good Good

Tilboð
149 kr/stk
verð áður
299 kr



NÝJUNG

Amino Vibe er ný tegund af orkudrykk sem knýr þig áfram

30%
~~20%~~
afsláttur



Vital Proteins kollagen er uppbyggingarefni fyrir liðamót, húð, hár, neglur og bein

Tilboð
1.999 kr/stk
verð áður
2.999 kr



Amino Energy með appelsínubragði

HAGKAUP

Til fortíðar



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Ruth Bader Ginsburg, dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna, lést síðastliðinn föstudag, 87 ára gömul, 46 dögum fyrir forsetakosningar í Bandaríkjunum.

Ruth hafði þjónað sem dómari við réttinn í 27 ár og var önnur konan frá upphafi til að taka sæti við dómstólinn sem samanstendur af níu dómurum, skipuðum af sitjandi Bandaríkjaforseta.

Ruth tilheyrði frjálslyndari armi dómstólsins og eiga kynsystur hennar, samkynhneigðir, innflytjendur og fleiri hópar henni mikið að þakka, enda hefur hún greitt atkvæði með mörgum stærstu mannréttinda-úrbotum sem rétturinn hefur fjallað um.

Líklega hefur aldrei verið sótt eins harkalega að jafnrétti kynjanna og þessa stundina í landi hinna frjálsu, Bandaríkjunum. Donald Trump, sitjandi forseti, hefur fyrir löngu sannað að virðing fyrir réttindum kvenna, er ekki eitt af hans aðalsmerkjum. Og nú, rétt fyrir kosningar, fær hann óvænt tromp upp í hendurnar – en örvæntingarfullt útspil er einmitt það sem hann þarf til að kreista fram sigur í þarnaesta mánuði.

Árið 2016 fékk Trump mikinn meirihluta atkvæða strangkristinna en sá hópur hefur hægt og bitandi fjarlægst forseta sinn á liðandi kjörtímabili. Kannanir hafa undanfarið sýnt að það væri óvarlegt af honum að treysta á að kristnir kjósendur sem studdu hann síðast tryggja honum áframhaldandi veru í Hvíta húsinu.

Fjórútiú og sex dögum fyrir kosningar fellur Ruth frá. Konan sem stadið hefur vörð um lögin sem kennd eru við Roe v. Wade og vernda rétt kvenna til föstur-eyðinga. Hún hefur þar stadið sem dyggur vörður en nú er raunveruleg hættu á að lögin verði afnumin.

Fram undan er val á eftirmanni hinnar alræmdu RBG eða „Notorious RBG“ eins og hún var oft kölluð. Þeir, sem er annt um jafnrétti og almenn mannréttindi, hafa kviðið þeim degi og vonast til að Ginsburg, sem lengi barðist við heilsuþrest, lifði fram yfir kosningar. Þá væri í það minnsta von til þess að í forsetastól væri sestur aðili með þankagang sem hæfði ártalinu, en ekki afturhaldssinninn sem þar hefur ráðið og ríkt.

Það er sannarlega undarleg staða en skyndilega snúast forsetakosningar Bandaríkjanna að miklu leyti um rétt kvenna til þungunarrofs. Það gæti skýrt af því að Trump sá sæng sína útbreidda og spilaði út því örvæntingarfulla spili. Þannig á hann góða möguleika á að ná til baka sínum kristnu kjósendum.

Forsetinn hefur opinberað lista með 40 nöfnum sem koma til greina í embættið en lofaði því nú um helgina að kona yrði fyrir valinu. Það eru þó nokkrar konur á listanum en það sem allir sem til greina koma eiga þó sameiginlegt er að hver einn og einasti tekur afstöðu á móti réttindum kvenna til þungunarrofs.

Að svo mikilvægt réttindamál kvenna, að hafa loka-vald yfir eigin líkama, skuli enda sem tól í kosninga-baráttu karls sem margoft hefur sýnt rétti kvenna og komum óvirðingu, er ekki bara þyngra en tárur taki, háalvarlegt og afturhvarf til verri tíma. Heldur er það skýrt og augljóst merki um að lýðræðislegt kerfi eins valdamesta ríkis heims er stórgallað.

Og það kemur okkur öllum við.



Það er sannarlega undarleg staða en skyndilega snúast forsetakosningar Bandaríkjanna að miklu leyti um rétt kvenna til þungunarrofs.



TAX FREE*

af förðunarvörum, ilmvötum og völdum húðvörum

***19,35% verðlækkun**

Gildir 4. september - 15. október 2020 í verslunum og í netverslun Lyfja

Lyfja.is



Halldór



Frá degi til dags

Fedtmúlaþing
Unnið er nú að því að mynda meirihluta í nýja sveitarfélaginu á Austurlandi. Verður það líklega meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarmanna. Fyrsta verkefnið verður að velja nafn á sveitarfélagið. Um er að ræða mikið ábyrgðarhlutverk þar sem slík nöfn eiga það til að loða við sveitarfélög, jafnvel í margar aldir. Líklegast verður nafnið Múlaþing fyrir valinu. Vísar það til Fedtmúla, vinar Mikka músar, sem bjó lengi á svæðinu. Ólíklegt er að hið eitursvala nafn Drekkabyggð verði valið. Sama á við um nöfnin Mulan, sem vísa á til Austurlanda fjær, og Moulin Rouge.

Stoppa, hugsa, athuga
Fjölmíðlaflóran á Íslandi í dag er langt frá því að vera einleit, ástandið mun svo skána til muna þegar nýr fjölmíðill frumkvöðlafræðingsins Margrétar Friðriksdóttur litur dagsins ljós eftir nokkrar vikur. Margrét hefur tilkynnt meðlimum Stjórn mála-spjallsins að þar muni loksins birtast alvöru fréttir lausar við „fasísk vinnubrögð“ fjölmíðla sem starfa í dag. Á það væntanlega einnig við um Útvarp Sögu, Fréttatímann og Skinnu. Leitar hún nú að nafni á nýja miðilinn, má þá stinga upp á „Stoppa, hugsa, athuga“, en það eru upphaldsorð fjölmíðla-nefndar.

Hugsaðu þér stað



„Hugsaðu þér stað, þar sem allir eru velkomnir, það kostar ekkert inn... Það eru engar kröfur um atgervi, en þér er meira en velkomnið að deila því sem þú hefur... Hér leitarðu athvarfs frá amstri dagsins... Þegar þú gengur út, finnst þér þú tilheyra einhverju stærra, víta og skilja aðeins meira.“

Þessi orð koma úr vinnu við nýja bókasafnsstefnu sem nú er unnið að í Reykjavík. Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að fela umhverfis- og skipulagssviði að undirbúa hönnunarsamkeppni um endurgerð og stækkun Grófarhúss í Tryggvagötu. Þar eru nú höfuðstöðvar Borgarbókasafnsins, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Borgarskjalasafn.

Grófarhúsið á að verða lifandi menningar- og samfélagshús í miðborg Reykjavíkur, fjölbreyttur ævintýra- og fróðleikshéimur fyrir börn og fjölskyldur, og fólk á öllum aldri. Gert er ráð fyrir að endurheimta upprunalegt útlit hússins. Hugmyndir eru einnig um þakgarð þar sem borgarbúar geti notið samveru og útsýnis yfir höfnina og Grjótaþorpíð.

Nokkrar ástæður liggja að baki þessari ákvörðun. Ný viðbygging við Grófarhúsið stendur tóm og búist er við að Borgarskjalasafnið muni fljótlega flytjast í nýtt húsnæði. Við það losnar talsvert rými. Það þarf því að hugsa fyrirkomulag hússins upp á nýtt. Fyrirmyndin er þróun bóksafna víða um heim. Bókasöfn eru að verða meiri samkomustaður en áður. Oodi-bókasafnið í Helsinki hefur vakið mikla heimsathygli og dregur til sín þúsundir gesta í hverjum mánuði, sama má segja um splunkunýtt Deichmann-bókasafnið við höfnina í Osló. Ekki má gleyma Dokken við höfnina í Árósum. Innanbæjarlest, borgarlína, keyrir í gegnum húsið og á jarðhæð er almenn borgarþjónusta. Þar er meðal annars hægt að endurnýja ökuskríteini og vegabréf. Reiknað er með að í nýju Grófarhúsi verði sambærileg borgarþjónusta í boði. Úrslit hönnunarsamkeppninnar eiga að liggja fyrir í maí á næsta ári.



Grófarhúsið á að verða lifandi menningar- og samfélagshús í miðborg Reykjavíkur.

Áhrif COVID-19 faraldursins á friðarhorfur



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Reykjavíkur



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla
Íslands

virkið einstaklinga, grasrótarsamtök, fyrirtæki og stjórnvöld til uppbyggilegra aðgerða. Stjórnvöld víða um heim nýta nú tækifærið til þess að efla rannsóknir, nýsköpun og auka á fjárfestingar í grænum lausnum.

Í þessari viku er alþjóðlegur dagur friðar. Það kallar á umfjöllun og umræðu um frið. Í núverandi ástandi er afar mikilvægt að halda áfram að efla rannsóknastarf og nýsköpun og stuðla að upplýstri umræðu, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi. Árið 2016 tóku Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands höndum saman og stofnuðu vettvang sem ætlað er að sinna rannsóknnum og fræðslu á sviði friðar- og átakafræða. Á þeim fjórum árum sem síðan eru liðin hefur Höfði friðarsetur byggt upp öflugan starfsemi sem nær til afvopnunar- mála, samningatækni og úrlausnar ágreinings, gildis nýsköpunar fyrir friðaruppbyggingu, rannsókna á tengslum fólksflutninga við frið



og átök og greiningar á áhrifum og umfangi falsfrétta og upplýsingafölsunar í samfélagslegri umræðu. Rannsóknaráherslur setursins eru fjölbreyttar en grundvallast engu að síður á áherslu á ólíka gerendur og áhrif þeirra á sjálfbærni frið.

Gerendur utan og innan ríkja eru fjölbreyttur hópur og má þar m.a. telja frjáls félagsamtök, fyrirtæki, borgir og fjölmiðla. Þessir gerendur geta bæði stutt við frið og spilt honum. Á tímum sem þessum er afar mikilvægt að horfa til ólíkra

hópa í samfélaginu þegar kemur að því að meta friðarhorfur næstu missera. Áhrifa- og óvissuþættirnir hafa því sjaldan verið jafn margir og nú.

Októbermánuður hefur undanfarin ár verið helgaður umræðu um frið og hefur Höfði friðarsetur staðið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu 10. október ár hvert þar sem sjónum er beint að hlutverki almennra borgara og ólíkra hópa samfélagsins við að stuðla að eða grafa undan sjálfbærum friði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á kynjaðar afleiðingar átaka og mikilvægi aðkomu kvenna, ungs fólks og minnihlutahópa að friðaruppbyggingu. Vegna aðstæðna í ár verður ekki haldin opin ráðstefna, en í staðinn verður boðið upp á vikulanga rafræna dagskrá á vefsíðu Höfða friðarseturs, friðarsetur.is. Við hvetjum almenn- ing til virkrar þátttöku í mikilvægri umræðu um hvernig við sem samfélag getum lagt okkar af mörkum í þágu friðar.

Afleiðingar þess að COVID-19 faraldurinn hefur náð að breiðast út um allan heim eru misjafnar eftir löndum og innan samfélaga. Faraldurinn hefur augljóslega margar neikvæðar birtingarmyndir en um leið hefur hann

Kemur á óvart?



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálf-
stæðisflokks-
ins í Reykjavík



Í nútímasamfélagi er gerð krafa til þess að borgin bjóði öllum börnum upp á að komast í leikskóla.

Fréttablaðinu sl. föstudag var sagt frá því að bið eftir leikskólaplássi væri meiri en hjá nágrannasveitarfélögum. Reykjavík standi verst. Dæmi eru um að börn yfir tveggja ára aldri fái ekki inni á leikskóla. Viðbrögð borgarstjórnar við þessum fréttum er að þetta hafi komið honum á óvart. Þessi viðbrögð borgarstjórnar eru ekki þau sem foreldrar búast við í Reykjavík árið 2020. Í nútímasamfélagi er gerð krafa til þess að borgin bjóði öllum börnum upp á að komast í leikskóla. Fyrsta skólastigið

er mikilvægt. Um það erum við öll sammála. Sú krafa að allir eigi rétt á að komast í skóla á við um leikskólann, ekkert síður en grunnskólann.

Eitt af stóru kosningaloförðum borgarstjóra fyrir síðustu kosningar var að öll 12 mánaða börn fengju leikskólapláss. Nú eru liðin meira en tvö ár frá kosningum. Það eru nokkuð margir vinnudagar. Á þessum tveimur árum hefur ástandið á vinnuarkaðnum gjörbreyst og ætti mönnum því að vera auðveldari en ætlað var. Mönnum sem var vissulega erfið þegar upp-

sveiflan var sem mest ætti því að vera mun auðveldari nú. Áætlanir sem gerðar voru af borgarstjóra 2018 ættu því að standast. Þörfin fyrir leikskólarými lá fyrir og liðin eru meira en tvö ár til undirbúnings. Hann hefur þó lofað því að útrýma biðlistunum í leikskólunum í Reykjavík frá síðustu aldamótum eða frá árinu 2002. Meirihluta þess tíma hefur hann sjálfur verið við stjórn borgarinnar. Verkefnið ætti því ekki að koma honum á óvart. Á meðan börn í Reykjavík sem eru tveggja ára gömul fá ekki leikskólapláss eru loforð Samfylkingarinnar um að 12 mánaða börn komist inn ekki pappírins virði. Reykvikingar borga hærra útsvar af launum sínum en þeir sem búa í nágrannasveitarfélögum. Það er grundvallarkrafa að hér sé þjónustan í lagi. Og að hún standi öllum börnum til boða. Sú krafa ætti ekki að koma neinum á óvart.

10 dagar til jóla!


SVO ÞÚ FÁIR PAKKANN ÖRUGGLEGA HEIM FYRIR JÓLIN
- ALLT AÐ **20%AFSLÁTTUR** AF PÖNTUNUM

MÓDERN
- heimur lágaðra möguleika
www.modern.is

Woxo Minotti KFF

FAXAFEN 10 · 108 REYKJAVÍK · 534 7777

Viðbótarlokunarstykir



Þeir rekstraraðilar sem gert var að stöðva starfsemi sína frá 4. maí sl. til annars vegar 18. maí og hins vegar 25. maí 2020 vegna sóttvarnaraðgerða geta nú sótt um viðbótarlokunarstyrki.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.

Þetta tekur til:

- sundlauga frá 4. til 18. maí,
- skemmtistaða, kráa, spilasala og líkamsræktarstöðva frá 4. til 25. maí

Allar nánari upplýsingar eru á skatturinn.is



skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Cots valin í hóp hjá Senegal

HANDBOLTI Britney Cots, leikmaður kvennaliðs FH í handbolta, hefur verið valin í æfingahóp Senegal sem mun koma saman til æfinga í Frakklandi dagana 28. september til 3. október. Þetta er í fyrsta skipti sem Cots er í leikmannahópi Senegal.

Cots er markahæsti leikmaður FH sem er nýliði í efstu deild á yfirstandandi keppnistímabili með 22 mörk í tveimur leikjum. Þessi öflug skyttar er að hefja sína þriðju leiktíð með FH en hún skrifaði undir tveggja ára samning við Hafnarfjarðarliðið síðastliðið vor.

FH sem leikur undir stjórn Jakobs Lárussonar hefur beðið ósigur í þessum leikjum gegn Stjórnumni og Haukum. Eftir næsta leik FH fer Cots til Frakklands en hlé verður gert á Íslandsmótinu til fimmtudagsins 8. október. Cots ætti að vera búin með sóttkví sína þegar FH sækir HK heim laugardaginn 10. október. – hó



Sara fagnar marki gegn Lettum.

Jafnar leikjamat Katrínar í dag

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir mun í kvöld jafna leikjamatíð hjá kvennaliðinu þegar hún leikur sinn 133. leik fyrir Íslands hönd. Með því jafnar Sara leikjamat Katrínar Jónsdóttur sem lék á sínum tíma 133 leiki á nítján ára landsliðsferli.

Sara var aðeins sextán ára gömul þegar hún lék fyrsta leik sinn fyrir Ísland í 1-2 tapi gegn Slóvenum ytra. Það tók Söru ekki langan tíma að simpla sig inn í liðið sem lykil-leikmaður og hefur hún byrjað alla tíu leiki Íslands í lokakeppnum EM.

Í leikjunum 132 hefur Sara skorað tuttugu mörk og vantar aðeins eitt til að jafna Katrínu Jónsdóttur í fimmta sæti yfir markahæstu leikmenn Íslands frá upphafi. Þá er Sara sá leikmaður sem hefur oftast hlotið gult spjald eða þrettán spjöld. – kpt

Rúnar skrifaði undir til 2024

FÓTBOLTI Landsliðsmarkvörðurinn Rúnar Alex Rúnarsson skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við enska stórveldið Arsenal. Enska félagið greiddi Dijon tæpar tvær milljónir punda fyrir þjónustu íslenska markmannsins sem verður um leið sjötti Íslendingurinn til að skrifa undir hjá Skyttunum.

Rúnari er ætlað að vera varaskeifa fyrir Bern Leno en mun einnig fá leiki þegar Leno þarf hvíld. Hann gæti því leikið sinn fyrsta leik fyrir Arsenal annað kvöld þegar Skyttarnar mæta Leicester í enska deildarbolta. – kpt

Næstu tveir leikir íslenska liðsins munu skipta sköpum

Toppliðin tvö í F-riðli í undankeppni Evrópumótsins 2022 í knattspyrnu kvenna, Ísland og Svíþjóð, leiða saman hesta sína á Laugardalsvelli í kvöld. Um er að ræða úrslitaleiki um það hvort liðið fer beint áfram í lokakeppni mótsins. Sænska liðið mætir á Laugardalsvöllinn án nokkurra sterkra leikmanna.

FÓTBOLTI Liðin eru bæði með fullt hús stiga eftir fyrstu fjóra leiki sína í undankeppninni og hafa hvort um sig fengið á sig eitt mark til þessa en Svíar eru á toppi riðilsins fyrir þennan leik þar sem liðið hefur skorað 24 mörk á meðan íslenska liðið hefur skorað 20 mörk.

Efsta liðið í riðlinum fer beint í lokakeppni mótsins á meðan þrjú liðin með bestan árangur í öðru sæti í riðlunum níu fara beint þangað. Hin sex liðin sem hafna í öðru sæti fara í umspil um þrjú laus sæti á mótinu. England hefur svo nú þegar tryggt sér farseðilinn á mótið sem gestgjafi.

Eins og sakir standa er Ísland í þriðja sæti af þeim liðum sem sitja í öðru sæti í riðlunum á eftir Sviss og Írlandi sem hafa 13 stig. Ítalía er með jafn mörg stig og Ísland en ítalska liðið er með lakari markatölu eftir stórsigra Íslands á Lettlandi í síðustu leikjum liðsins.

Dagný Brynjarsdóttir, sem skoraði þrennu í síðasta leik Íslands í riðlinum á móti Lettum, og Elín Metta Jensen, sem skoraði eitt mark íslenska liðsins í þeim leik, eru markahæstu leikmenn riðilsins með fimm mörk. Anna Anvegárd, samherji Glódisar Perlu Viggósdóttur hjá Rosengård, og samherjarnir hjá Juventus, varnarmaðurinn Linda Sembrant og framherjinn Lina Hurtig, hafa skorað mest fyrir Svíþjóð eða þrjú mörk hver.

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður sænska úrvalsdeildarliðsins Djurgården, er mjög spennit fyrir leik kvöldins en hún er nýfarin að spila á ný með félagsliði sínu eftir að hafa fætt tvíbura fyrr á þessu ári. Guðbjörg sem á að baki 64 leiki fyrir Íslands hönd segir Svía gera sér grein fyrir að leikurinn í kvöld verði afar erfiður en íslenska liðið sé að mæta því sænska á heppilegum tíma.

„Þeirra styrkleiki hefur í gegnum tíðina verið að halda boltanum vel og splundra vörn andstæðinga sinna með hröðu spili á réttum augnablikum. Þær eru alla jafna með hraða framherja sem gera varnarliðum lífið leitt.“ Í síðustu leikjum hafa hins vegar föst leikatriði verið helsta sóknarvopn sænska liðsins. Við höfum verið í heims-klasa á þeim vettvangi og ég held að baráttan inni í vítateig liðanna



Einbeitingin skein úr augum íslenska liðsins á æfingu þess á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég held að baráttan inni í vítateig liðanna í föstum leikatriðum muni ráða miklu um úrslit leiksins í kvöld.

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Djurgården og íslenska landsliðsins



í föstum leikatriðum muni ráða miklu um úrslit leiksins í kvöld,” segir Guðbjörg um leikinn gegn bronslidinu frá HM síðasta sumar.

„Við erum að mæta þeim á finum tíma þar sem það eru meislí í leikmannahópnum og þá eru tveir lykilleikmenn að spila á Spáni þar sem lítið hefur verið spilað síðustu mánuðina vegna kórónaveirufaraldursins. Aðalmarkvörður þeirra, Hedvig Lindahl, er meidd og í hópnum

um eru góðir markmenn sem hafa hins vegar ekki mikla landsliðsreynslu og eru ekki vanar að spila með varnarliðu sænska liðsins. Þær eru svo vængbrotnar fram á við þar sem Fridolina Rolfö, þeirra besti framherji, og annar framherji, Stina Blacksteinius, eru meiddar og verða ekki með.

Þá hafa sóknartengiliðurinn Kosovare Asllani og sóknarmaðurinn Sofia Jakobsson ekkert spilað með félagsliði sínu, Real Madrid, undanfarið og þær eru því ekki í góðu leikformi. Þetta eru hins vegar góðir og reynslumiklir leikmenn sem geta tekið leikinn yfir. Þær eru með öfluga sóknarmenn til þess að fylla skörðin, það má ekki gleyma því. Sænska liðið hefur svo verið í vandræðum með hægri bakvarðarstöðuna og það var til að mynda miðvörður sem spilaði þar í síðasta leik. Ég held að okkur hröðu kantmenn ættu að geta herjað á bakverðina hjá þeim,” segir landsliðsmarkvörðurinn enn fremur.

Óvíst er hvort Jón Þór Hauksson tveflir fram sama liði og lék frábærllega gegn Lettlandi á fimmtudaginn eða breyti til. Miðvörðurinn Ingibjörg Sigurðardóttir sem fór meidd af velli gegn Lettum er búin að hrista af sér smávægileg meislí og æfði með liðinu í gær. Sveindís Jane Jónsdóttir, leikmaður Breiðabliks, lék frábærliga í eldskirn sinni með kvennaliðinu gegn Lettlandi á dögnum. Þar fékk Sveindís leyfi til að herja á bakvörð Letta og fór oft á tíðum illa með vörn gestanna sem skilaði tveimur af níu mörkum íslenska liðsins en sóknartengiliðir Íslands þurfa eflaust að sinna meiri varnarskyldu í kvöld.

Þá gæti þjálfarateymið fært Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur upp á miðjuna til að færa liðinu meira stál á miðsvæðið við hlið Söru Bjarkar og Dagnýjar en þá þyrfti að finna bakvörð í stað Gunnhildar sem hefur leyst stöðuna stórvel í undanföllum leikjum.

hjrvar@frettabladid.is

Þurfum að spila þéttan og agaðan varnarleik án bolta

FÓTBOLTI Jón Þór Hauksson, þjálfari íslenska liðsins, og Glódis Perla Viggósdóttir, varnarmaður liðsins, virtust hóflega bjartsýn en á sama tíma meðvitund um baráttuna sem þarf til að ná í úrslit í kvöld.

„Nokkrir leikmenn fengu högg í leiknum gegn Lettum og á æfingunum á milli leikjanna. Svava Rós [Guðmundsdóttir] er í mesta kapphlaupinu við tímenn en við vonum að hún og aðrir leikmenn sem eru tæpir verði klárir í slaginn. Svíar eru með líkamlega sterkt lið en við teljum okkur vera það líka og við munum mæta þeim af fullum krafti í baráttunni,” segir Jón Þór.

Við verðum að þora að halda í boltann þegar við vinnum hann þannig þetta verði ekki of mikill eltingarleikur.

Glódis Perla Viggósdóttir, leikmaður íslenska landsliðsins

„Mér finnst hafa verið stígangi í spilamennsku liðsins eftir að ég tók við og það var gott að sjá liðið spila jafn vel og það gerði eftir hléið vegna kórónaveirufaraldursins á móti Lettlandi. Vonandi heldur sá

